

Frystihúsin hófu flest vinnslu í gærmorgun

— Lokun þeirra kom ekki verulega að sök, þar sem bátar gátu lítið róíð á þeim tíma vegna ógæfta

FRYSTIHÚSIN hófu flest vinnu aftur í gærmorgun, eða að minnsta kosti þau, sem höfðu eitthvert hráefni til að vinna úr. Lokun frystihúsanna virðist ekki hafa komið að verulegri sök, þar sem bátar gátu mjög lítið róíð þann tíma, sem þau voru lokuð, vegna fádæma gæftaleysis, og áttu bátarnir ekki í erfiðleikum með

að losa sig við þann litla afla, sem fékkst.

Í Reykjavík munu þau frystihús, sem höfðu eitthvert hráefni, hafa byrjað vinnslu strax í gærmorgun. Á Akranesi höfðu frystihúsin safnað fiski úr þremur róðrum og ísað hann meðan frystihúsin voru lokuð, en strax í gærmorgun hófst svo vinna í frystihúsunum, sem eru Haraldur Böðvarsson & Co, Heima skagi og frystihús Sigurðar Hallbjarnarsonar. Hafði rekstur frystihúsanna legið niðri í hálfan mánuð þar eins og annars staðar, en fréttaritari Mbl. á Akranesi sagði, að það hefði ekki komið að sök, þar sem gæftaleysi var allan þann tíma. Bátar voru á sjó frá Akranesi í gær.

Bátar voru einnig á sjó frá Keflavík í gær, en frystihúsin eru þar tilbúin til átaka. Frystihúsið í Vogum hóf vinnu strax í fyrrkvöld, en önnur bíða eftir að bátarnir kæmu inn. Eitt

frystihúsið í Keflavík var í gangi allan þann tíma, sem önnur frystihúsi voru lokuð, og tók það á móti þeim afla, sem barst að landi á þessu tímabili. Mjög slæmar gæftir hafa verið það sem af er, og því kom lokun frystihúsanna ekki að sök að því er fréttaritari Mbl. í Keflavík sagði. Mun enginn þeirra báta, sem reri frá Keflavík á þessum tíma, hafa lent í erfiðleikum með afla sinn.

Fréttaritari Mbl. í Vestmannaeyjum sagði, að lokum frystihúsanna þar hefði ekki gert neitt strík í reikninginn hjá bátunum, sem reru á þessum tíma, þar sem tíðin var mjög slæm allan þennan tíma. Þá sjaldan sem gaf var aflinn settur í salt. Fjögur stærstu frystihúsin í Vestmannaeyjum eru tilbúin til vinnslu, en auk þeirra munu einnig tvö smærri verða starfrækt í vetur.

Skarst í andliti

KVENFAREGI í jeppabil skarst í andliti, þegar jeppinn lenti aftur undir vörubíl á Miklubraut í gærmorgun. Var stúlkan flutt í Slysavörðstofuna, þar sem gert var að meðslum hennar.

Slysið varð á móts við trésmíðaverkstæðið Byggi klukkan 08:00 í gærmorgun. Við ákeysruna gekk vélarhús jeppans aftur á framrúðuna, sem brotnaði við höggið.

LEIÐRÉTTING

Í FRÉTT af samsöng Karlakórins Þrymur á Húsavík nú nýlega í blaðinu, féll niður nafn einsöngvarans, Guðmundar Gunnlaugssonar. Jafnframt má geta þess, að um síðustu helgi söng kórinn í nýja félagsheimilinu í Köldukinn við góða aðsókn og undirtektir.

Árshátíð í Grindavík

ÁRSHÁTÍÐ Sjálfstæðisfélags Grindavíkur verður haldin í Kvenfélagshúsinu laugardaginn 3. febrúar nk. og hefst með borðhaldi kl. 8. Þórramat, einsöngur, gamanvisur, dans. Astratríóíð leikur, en söngvarar Helga Sigþórs og Hjörtur Nielsson. — Þátttaka tilkynnist í síðasta lagi fyrir hádegi á föstudag í sínum: (037 og 8019). — Árshátíðar-nefnd.

um og mannvirkjum, áður en þeir hopuðu.

Hörð árás var gerð á Ban Me Thuot, höfuðborg Dalat-fylkis, en þar tókst stjórnarhernum að hrinda árásinni fljótlega. Tilkynnt var í dag, að borizt hefði njósn af fyrirætlanum Vietcong um hernaðaraðgerðir gegn borginni og því hafi hermenn verið betur undir árána búin en á hinum stöðunum.

Vitað er, að enn er barizt í að minnsta kosti þremur smærri borgum í S-Vietnam, en fregnir þaðan eru óljósar. Þó virðist af AP-fréttum, að Vietcong hafi enn tógl og hagdir á ýmsum stöðum og hafi m.a. á valdi sínu útvarpsstöðvar í tveimur bæjum.

Ekki hefur verið endanlega tilkynnt um mannfall, en það mun vera allmikið, bæði hjá Bandaríkjahermönnum og bandamönnum þeirra og vitað er, að fjöldi óbreyttra borgara, þar á meðal konur og börn, hafa beðið bana. Bandaríkjamenn segjast hafa felt um 300 Vietcong skæruliða.

Talið er, að tjón það, sem Vietcong-menn hafa unnið á flugvéli, hergögnum og öðrum mannvirkjum nemi um 25 milljónum dollara.

Fréttastofa N-Vietnam tilkynnti í dag, að Bandaríkin og S-Vietnam hefðu aflýst 36 stunda vopnahlé vegna áramótanna, í fimm héruðum landsins, en ekki var minnst á, að vopnahléi hefði verið aflýst um allt landið. Í tilkynningunni segir, að þessi ákvörðun birti ofbeldistefnu Suður-Vietnamstjórnar og Bandaríkjamanna. Síðan var því bætt við, að Viet Cong hefði ráðizt á flugvöllinn við Da Nang til að refsa Bandaríkjamönnum

og bandamönnum þeirra fyrir að hafa aflýst vopnahléi á fimm stórum landsvæðum. Áður höfðu Viet Cong-menn sent frá sér aðvörun þess efnis, að þeir myndu hefja stórkostlegar hernaðaraðgerðir, ef Bandaríkjamenn ryfu vopnahlé kommúnista, sem hófst tveimur dögum fyrr. Herstjórn Bandaríkjamanna og stjórn Suður-Vietnam hafði áður lýst yfir, að hún væri tilneydd að aflýsa vopnahléi í marg nefndum fimm héruðum, sem liggja nálægt landamærum Norður- og Suður-Vietnam, vegna mikils vígbúnaðar Norður-Vietnama á þessum slóðum.

Forseti Suður-Vietnam, Nguyen Van Thieu, sagði, að þessi mikla árás Viet Cong væri greini lega skipulögð og hún bæri vott um viðbjóðslegt ofbeldi og grimmd.

Herstjórnin í Saigon gaf í kvöld út tilkynningu um bardagana og segir þar, að þessar árásir séu hinar mestu, sem herflokkar kommúnista hafi gert síðan Vietnam-styrjöldin hófst. Árásin hafi komið algerlega á óvart á nær öllum stöðunum. Þeir hafi ráðizt á fjóra bandaríska flugvelli og nokkrar stórar borgir og smærri bæi, og þeir hafi brennt til ösku tvo þriðju hluta þorps eins skammt frá landamærum Laos. Því er bætt við, að árásirnar hafi verið gerðar á þessi svæði til að draga athyglina frá norðurhéruðunum, þar sem Norður-Vietnamar draga saman mikinn liðsstyrk og mgi gra ráð fyrir, að þetta sé upp haf mikilla hernaðaraðgerða af hálfu Viet Cong-manna og Norður-Vietnam-hers.

S-Vietnam stjórn hefur hvatt út allt varalið landsins vegna atburða þessara.

Sonur hjá Sophie

Madrid, 30. jan. AP. SOPHIE, Grikklandsprinsessa og eiginkona Juan Carlos sem er sonarsonur síðasta konungs á Spáni Alfonso XII, ól son í dag. Í tilkynningu frá sjúkrahúsinu segir, að móður og barni heilsist þrýði lega.

Þetta er þriðja barn hjónanna, fyrir áttu þau tvær dætur. Sophie er eldri systir Konstantíns Grikkjakonungs. Friðrika ekkjardrottning og Irena yngri dóttir hennar komu til Spánar fyrir nokkrum dögum til að vera hjá Sophie unz hún væri orðin léttari.

Juan Carlos er af mörgum talinn sennilegur eftirmaður Francos í þjóðhöfðingjastóli á Spáni, en ýmislegt hefur á síðustu árum bent til, að Franco vildi endurreisa konungdæmið á Spáni eftir sinn dag.

— MESTA ÁRÁS

Framh. af bls. 1
sveitir Vietcong fari um borgina og kasti handsprengjum inn í húsin og hafi heilar fjölskyldur beðið bana. Sömu sögu er að segja frá þeim öðrum borgum, sem Vietcong-menn réðust á í dag. Bandarískar þyrilvængjur reyna að reka Vietcong á flótta með skothríð úr lofti. Í gærkvöldi var tilkynnt að Vietcong hefðu enn meiri hluta Nha Trang á valdi sínu.

Stórar sveitir Vietcong-manna, klæddar einkennisbúningum S-Vietnamhers réðust í gærkvöldi að forsetahöllinni í Saigon og samtímis því sagði talsmaður bandaríska sendiráðsins í Saigon, að Vietcongmennt nálguðust sendiráðið og hefðu slegið hring um bandaríska hverfið í borginni. Útvarpsstöðin í Saigon var talin í hættu um tíma og voru engar útsendingar þaðan um stund, en fallbyssuskothríð kvað við úti fyrir byggingunni. Eftir mjög harðvituuga bardaga hörfuðu Vietcong-menn, en margir höfðu fallið eða féllu á flóttanum.

Áramótahátíðahöld stóðu sem hæst í Saigon, er Vietcong hófu árás sína, mikill mannfjöldi var á götonum og vissi í fyrstu ekki, hvaðan á sig stóð veðrið, er sveitir Vietcong ruddust fram. Foreldrar reyndu í flýti að forða börnum sínum, en vitað er að margir óbreyttir borgarar munu hafa látizt.

Vietcong-menn réðust einnig að bækistöðinni norður af Cam Ranh-flóa, en þar er einn af stærri flugvöllum Bandaríkjamanna og kom Johnson, Bandaríkjaforseti, í heimsókn þangað um jóln. Tókst Vietcong að valda gifurlegu tjóni á flugvéli



Frumkýning í kvöld

Í kvöld verður frumsýning í Þjóðleikhúsinu á Íslandsklukk unni eftir Halldór Laxness. Um 40 leikarar og aukaleikarar taka þátt í sýningunni. Leikstjóri er Baldvin Halldórsson, en aðalhlutverk eru leikin af Róbert Arnfinnssyni, Rúrik Haraldssyni og Sigríði Þorvaldsdóttir. Myndin er af Sigríði, Erlingi Gíslasyni og Nínu Sveinsdóttur.

Ekið á kyrrstæðan bíl

EKIÐ var á R-5316, sem er ljósblár Ford Mustang 1966, þar sem bíllinn stóð á Landspítalalóðinni eða á Grettisgötu við nýbyggingu Sparisjóðs Reykjavíkur milli kl. 15:00 og 16:00 mánudaginn 29 janúar. Við ákeysluna dældaðist vinstri framhurð bílsins.

Rannsóknarlögreglan skorar á ökumanninn, sem tjóninu olli, svo og viti, ef einhver voru, að gefa sig fram.

Maður fyrir bíl

FULLORÐINN maður hlaut höfuðmeiðsl, þegar hann varð fyrir bíl á Grundarstíg í gær. — Var maðurinn fluttur í Slysavörðstofuna og þaðan í Landakotsspítala.

Slysið varð um kl. 16:20 í gær. Maðurinn var að vinna að sörphreinsun og dró tunntrilluna út á milli tveggja kyrrstæðra bíla, en varð þá fyrir stórum amerískum fólkspil, sem kom norður Grundarstíg.

Lentj maðurinn á vinstra fram horni bílsins, skall á framrúðuna, sem sprakk við, en féll síðan í götuna.

Arnoutis ákærður

London, 30. jan. AP.

NÁINN vinur og fyrrverandi einkaritari Konstantíns Grikkja konungs á nú yfir höfði sér dauðadóm í Apenu. Er hér um að ræða Michel Arnoutis, liðsforingja, sem segir að ákæran á hendur sér sé fánægleg.

Arnoutis varð til að láta Konstantín konung vita af því aðfaranótt 21. apríl, að bylting væri í aðsigi. Hann var síðan látinn hætta sem einkaritari konungs og fluttur til starfa við gríska sendiráðið í London. Eftir gagnbyltingartilraun konungs

var honum skipað að snúa heim til Apenu, en hann neitaði og hefur stjórnin nú lagt fram þungar ákærur á hendur honum og búizt er við, að krafizt verði dauðadóms yfir Arnoutis, að honum fjarstöddum. Arnoutis hefur neitað því að hafa farið til Rómars á fund konungs, en þær fréttir flugu fyrir og sögðu sérfræðingar, að hann væri að aðstoða konung að skipuleggja nýja byltingaráætlun.

— KÓREA

Framh. af bls. 1
kommúnistar í N-Kóreu hyggðust gera meiriháttar innrás í S-Kóreu, hvort sem það yrði inn á fárra daga eða fárra ára. Benti Lew á, að forseti N-Kóreu, Kim Il-sung, hafi sagt, að ríkin yrðu sameinuð á sínum valdatíma og í síðasta lagi á árinu 1970.

Einn meðlima miðstjórnar n-kóreska kommúnistaflokksins, Li Keuk Ro, sagði í dag, að Japanstjórn sé aðili að þeim áformum Bandaríkjastjórnar, að hefja nýja styrjöld í Kóreu. Skýrði hin opinbera fréttastofa N-Kóreu frá þessum ummælum. Li nefndi ekki, að Japanir ættu þátt í kreppunni, sem risið hefur vegna töku Pueblos, en réðst með stórvörðum að stjórn Japans fyrir að aðstoða bandaríska heimsvaldasinna við að egna N-Kóreu til nýrrar styrjaldar.

Blaðafulltrúi Hvíta hússins, George Christian, skýrði frá því í dag, að Bandaríkjastjórn hefðu borizt fregnir um að vel væri farið með áhafnar meðlimi Pueblos, og væri særðum mönnum af skipinu veitt læknishjálp. Sem kunnugt er kom til átaka milli áhafnarinnar og n-kóreskra sjóliða, er Pueblo var tekið. Voru nokkrir af áhöfninni felldir og allmargir særðust. Ekki vildi Christian upplýsa eftir hvaða leiðum Bandaríkjastjórn hefðu borizt þessar fregnir né hve mikinn trúnað hún legði á þær.

Christian skýrði sömuleiðis frá því, að fram til þessa hefðu engar fréttir borizt frá Alþjóðanefnd Rauða krossins, sem reynir nú að fá áhöfn Pueblos leysta úr haldi.